um helgina



Mynd þessi var tekin af kórnum og stjórnanda hans fyrir utan Hrafnistu í Reykjavík á miðvikudag.

(Ljósm. — eik —)

Norskur stúlknakór

Hér á landi er nú staddur stúlknakór frá Glotten í N-Noregi og skólahljómsveitin Reipå frá Bodö í Noregi.

Stúlknakórinn söng fyrir íbúa í Norðurbrún og íbúa að Hrafnistu í fyrradag við góðar undirtektir. Kórinn skemmti Reykvíkingum í gær með söng í miðbænum milli klukkan tólf og eitt.

Kórinn og hljómsveitin koma fram saman í Bústaðakirkju laugardaginn 26. júní kl.tvö og í Selfosskirkju sunnudaginn 27. júní kl.fjögur.



Samkór Trésmiðafélags Reykjavíkur. Tónleikar á laugardaginn í Gamla Bíói. Í mánaðarlokin heldur kórinn utan til að taka þátt í alþýðutónlistarmóti í Finnlandi.

Trésmiðakórinn með tónleika

Söngför framundan

Samkór Trésmiðafélags Reykjavíkur heldur tónleika í Gamla Bíói laugardaginn 26. júní kl. 14.00. Þessir tónleikar eru lokaáfangi í undirbúningi kórsins undir utanlandsferð sem hann fer í 29. júní til Finnlands, þar sem hann mun taka þátt í alþýðutónlistarmóti ásamt Álafosskórnum.

Þetta er í annað sinn sem kórinn tekur þátt í alþýðutónlistarmóti af þessu tagi. Áður fór hann í slíka ferð með Lúðrasveit verkalýðsins til Osló 1977. Kórfélagar eru 55. Formaður kórsins er Örn Erlendsson og söngstjóri er Guðjón Böðvar Jónsson. Gestir á tónleikunum í Gamla Bíói verða Álafosskórinn úr Mosfellssveit. Einsöng syngur Svanhildur Sveinbjörnsdóttir en undirleikari verður Lára Rafnsdóttir.

Prestastefnan eftir helgina

Friður á jörðu

Biskupsvígsla á sunnudaginn

Aðalefni prestastefnunnar að Hólum sem Pétur Sigurgeirsson biskup setur á mánudaginn verður Friður á jörðu. Prestastefnunni verður slitið á miðvikudagskvöldið. Á sunnudaginn vígir biskupinn sr. Sigurð Guðmundsson vígslubiskup Hólastiftis hins forna í dómkirkjunni að Hólum. Sr. Sigurður var vígður til prests á lýðveldishátíðinni 1944 en hefur þjónað Grenjaðarstaðarprestakalli síðan.

Herra Pétur Sigurgeirsson setur fyrstu prestastefnu sem biskup Íslands, að Hólum mánudaginn 28. júní kl.13.30.

Flytur biskup yfirlitsskýrslu sína í Hóladómkirkju. Þar flytur og Friðjón Þórðarson kirkjumálaráðherra ávarp.

Fundir Prestastefnunnar fara annars fram í fundarsal Bændaskólans, en aðstaða til ráðstefnuhalds er nú mjög góð á Hólum.

Aðalefni Prestastefnunnar í ár er: Friður á jörðu, og eru framsögumenn þeir dr. Þórir Kr. Þórðarson, séra Sváfnir Sveinbjarnarson prófastur og dr. Gunnar Kristjánsson.

Prestastefnunni verður slitið í Sauðárkrókskirkju að kvöldi 30. júní.

Ef veður leyfir munu margir prestanna fara til Drangeyjar næsta dag.

Sænskur leikhópur sýnir hér í sumar

Nýkominn er til landsins sænski leikhópurinn Teater Sargasso, og mun hann dveljast hér í tæpan mánuð og fara víða um land með leiksýningu, semnefnist „Pa flykt fran den tid" sem mætti útleggja á íslensku sem „Á flótta frá fyrri tíma". Verkið hefur orðið til í samvinnu hópsins sjálfs, og er hann á ferð með það um Noreg og Færeyjar, auk Íslands, en hingað kemur Teater Sargasso á eigin vegum.

Leikhópurinn sýndi í gærkvöldi í Valaskjálf á Egilsstöðum, en sýningar hans verða að öðru leyti sem hér segir:

25.6. Félagsheimilið, Húsavík.
26.6 Íþróttahús Glerárskóla, Akureyri
27.6. Íþróttahús Glerárskóla, Akureyri.
28.6. Félagsheimilið Bifröst, Sauðárkróki
30.6. Félagsheimilið, Stykkishólmi.
2.7. Félagsheimilið Röst, Hellissandi.
4.7. Logaland, Borgarfirði.
7.7. Tónabær, Reykjavík.
8.7. Tónabær, Reykjavík.
9.7. Vinnuhælið að Litla-Hrauni.
11.7. Festi Grindavík.
18.7. Félagsheimilið Sindrabær, Höfn í Hornafirði.

Sýningarnar hefjast kl. 20.00 á öllum stöðum.

Leikritið fjallar um það, hvernig manneskjurnar flýja eða reyna að komast hjá því að takast á við aðsteðjandi deilur og vandamál og varpa af sér ábyrgð og skella skuldinni á aðra, segir í kynningu Teater Sargasso á leikverkinu. Notast er við atburði úr mannkynssögunni aftur að miðöldum, og til að flétta þá atburði saman, ferðast hópurinn eins og farandleikhús frá einum stað til annars í tíma og rúmi og reynir þannig að spegla þau vandamál sem upp koma.

Teater Sargasso leggur áherslu á líkamlega tjáningarmöguleika leiklistarinnar, eins og segir í tilkynningu frá leikhópnum, og hefur fundið sér form með því að blanda saman látbragðsleik, reviuforminu, sirkusforminu, nútímadansi og hefðbundnum leikstíl.

— jsj.

Listmálarafélagið á Kjarvalsstöðum

Listmálarafélagið efnir til sýningar að Kjarvalsstöðum frá laugardegi 26. júní til sunnudagsins 11. júlí.

Þessir listamenn taka þátt í sýningunni:

Ágúst Petersen, Bragi Ásgeirsson, Einar Baldvinsson, Einar Hákonarson, Einar Þorlaksson, Elías B. Halldórsson, Guðmunda Andrésdóttir, Gunnar Örn, Hafsteinn Austmann, Hrólfur Sigurðsson, Jóhannes Jóhannesson, Karl Kvaran, Kjartan Guðjónsson, Sigurður Sigurðsson, Sigurður Örlygsson, Steinþór Sigurðsson, Svavar Guðnason, Valtýr Pétursson, Vilhjálmur Bergsson, Þorvaldur Skúlason.



Leikárinu lýkur með Meyjarskemmunni

Nú um helgina lýkur leikári Þjóðleikhússins með sýningu á söngleiknum Meyjaskemmunni eftir þá Schubert og Berté. Þetta er síðasta tækifæri til að sjá Meyjaskemmuna, því sýningar verða ekki teknar upp í haust. Sýningin er á laugardagskvöldið.

Meyjaskemman var fyrst sett á svið í Vínarborg árið 1916 og naut fádæma vinsælda. Hér á landi kom Meyjaskemman fyrst á svið árið 1934 í Iðnó á vegum Hljómsveitar Reykjavíkur og var dr. Franz Mixa hljómsveitarstjóri, en núverandi sýning Þjóðleikhússins er sjöunda uppfærsla verksins hér á landi.

Mikill fjöldi söngvara og leikara kemur fram í sýningunni — alls um fimmtíu manns — og margir nýir kraftar á ferðinni. Sigurður Björnsson fer með hlutverk Schuberts, Júlíus Vífill Ingvarsson fer með hlutverk Schober vinar hans og Katrín Sigurðardóttir fer með hlutverk Hönnu. Þá koma fram í sýningunni Kristín Sædal Sigtryggsdóttir, Elísabet F. Eiríksdóttir, Guðmundur Jónsson, Þuríður Pálsdóttir, Kristinn Hallsson, Halldór Vilhelmsson, Bergþór Pálsson og Anna Júlíana Sveinsdóttir. Með stærstu leikhlutverkin fara Jón S. Gunnarsson, Kristján Viggósson, Árni Tryggvason, Erlingur Gíslason og Herdís Þorvaldsdóttir. — Leikstjóri er Wilfried Steiner og hljómsveitarstjóri er Páll P. Pálsson.

Helgarjazz í Stúdentakjallaranum

Um helgina verður leikinn jazz í Stúdentakjallaranum við Hringbraut, föstudags- og sunnudagskvöld, frá klukkan 21 til 23.30.

Á föstudagskvöld, leikur trió skipað Friðrik Karlssyni, gítar, Tómasi R. Einarssyni, kontrabassa, og Sigurði Valgeirssyni trommur.

Á sunnudagskvöldið leika einnig þeir Friðrik og Tómas, en þá verður Alfreð Alfreðsson við trommurnar.

Menn eru hvattir til að mæta á rauðvínssveifluna!



Glaðbeittir sveinar með nýútkomna plötu, Magnús Kjartansson og Jónas R. Jónsson. Ljósm.: — k.v.

Samkvæmt læknisráði

Nýútkomin plata hljómsveitar Magnúsar Kjartanssonar

Samkvæmt læknisráði, heitir nýútkomin plata. Það er hljómsveit Magnúsar Kjartanssonar, sem sér um tónlistarflutning, en hún var stofnuð til að vinna þessa plötu. Á plötunni eru 11 lög, öll þeirra landsmönnum vel kunn. Má þar nefna Þú og ég, lag Gunnars Þórðarsonar, Sölvi Helgason og Lítill drengur. Hljómsveit Magnúsar sem vann plötuna skipa fjölmargir af þekktustu popp-tónlistarmönnum þjóðarinnar s.s. Björgvin Halldórsson, Björgvin Gíslason, Pálmi Gunnarsson og margir fleiri sem hafa hallað sér að annarskonar músík, s.s. Manuela Wiesler.

Platan er unnin hjá Hljóðrita hf. í Hafnarfirði, Skífan hefur annast dreifingu. Mynd á plötualbúmi er sótt alla leiðina ofan í sundlaug í Los Angeles.

Þeir Jónas R. Jónsson og Magnús Kjartansson komu brunandi upp á Þjóðvilja og sögðu að músíkina mætti telja róandi fyrir allflesta, a.m.k. væru lögin róleg. Þó væri því svo farið með suma að þeir æstust frekar upp en hitt við að hlusta á rólega músik. Þeir félagar vildu koma því á framfæri að tónlistin væri einnig fáanleg á snældum, eða kassettum eins og sumir vilja kalla þær.

— hól.